

Alþingi

Erindi nr. P 120/1399
komudagur 15.4 1996

Félag íslenskra
leikskólakennara



Nefndadeild Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Þórshamri
v/Templarasund
150 Reykjavík.

Reykjavík, 12. apríl 1996.

Efni: Umsögn Félags íslenskra leikskólakennara um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Félag íslenskra leikskólakennara hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Það er álit Félags íslenskra leikskólakennara að óeðlilegt og óásættanlegt sé að Alþingi geri einhliða breytingar á lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hafa m.a. mótað það umhverfi sem kjarasamningar hafa verið gerðir í. Þ.a.l. eru þau ein forsenda kjarasamninga enda iðulega vísað til þeirra við samningaborðið.


Að ríkisvaldið viðhafi slík vinnubrögð þegar fjallað er um réttindi og kjör starfsmanna sinna er ekki til þess fallið að bæta þá þjónustu sem ríkið veitir, sem á þó að vera eitt af meginmarkmiðunum með endurskoðun laganna. Ánægðir starfsmenn eru ein forsenda þess að góð þjónusta sé veitt, jafnt hjá ríkisstofnunum og hjá einkafyrirtækjum.

Félag íslenskra leikskólakennara krefst þess að frumvarpið verði dregið til baka og ríkisvaldið leiti samstarfs við stéttarfélög í tengslum við gerð kjarasamninga ef breyta á kjörum launafólks.

Að öðru leyti vísast í umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Virðingarfyllst

F. h. Félags íslenskra leikskólakennara


Björg Bjarnadóttir
varaformaður